

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 13.6	K/S 22.10.18
Ábm. <i>[Handwritten]</i>	Svfr.
Afgr. <i>Fondur</i>)Bréf (
Lvm.	Trm.



Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 18. október 2018
Tilv.: FOR18090065/9.1.6

Forsætisráðuneyti vísar til erindis Umhverfísráðuneytisins frá 13. september sl. þar sem óskað er eftir afstöðu ráðuneytisins til tiltekinna spurninga sem fram koma í erindi stofnunarinnar vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar Gjárinnar í Þjórsárdal.

Ráðuneytið vill taka þátt í undirbúningi friðlýsingarinnar með þátttöku í starfshópi sem vitnað er til í erindinu. Tilnefnið ráðuneytið Regínu Sigurðardóttur, starfsmaður ráðuneytisins, til þátttöku í starfshópnum.

Varðandi fyrirbyggjandi drög að friðlýsingu vill ráðuneytið koma að eftirfarandi ábendingum:

- Rétt er að geta þess í auglýsingu um friðlýsingu að það svæði sem fyrirhugað er að friðlýsa sé innan þjóðlendna sem nefnast Gnúpverjaafréttur og Afréttur Flóa- og Skeiða.
- Þá þarf að geta þess í umfjöllun um leyfisveitingar að öll nýting lands og landsréttinda innan þjóðlendna sé háð leyfi viðkomandi sveitarfélags, með eða án samþykkis forsætisráðuneytisins nema um er að ræða nýtingu vatns, jarðhita, vindorku, námavinnslu eða aðra jarðefnavinnslu, sem háð er leyfi forsætisráðuneytisins, skv. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eigarlanda, þjóðlendna og afrétta.
- Í drögum að auglýsingu koma ekki fram mörk hinnar fyrirhuguðu friðlýsingar. Ráðuneytið leggur til að stofnunin taki afstöðu til þess hvort rétt sé að friðlýsingin nái til svæðis nr. 731 á náttúruminjaskrá að norðanverðu og að Hjálparfossi í suðri, sjá hjálagt kort. Þá verði einnig tekið til sérstakrar skoðunar og lagt mat á, m.a. með vísan til sjónarmiða um verndun heilda, hvort rétt sé að friðlýsingin nái að Sandá í vestri.

Fyrir hönd ráðherra

Páll Þórhallsson
Páll Þórhallsson

Sigurður Örn Guðleifsson
Sigurður Örn Guðleifsson